



Alþingi
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 09 nóvember 2022

Úmsögn Intersex Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum begningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), þskj 45, 45. mál.

Intersex Ísland fagnar því að Ísland taki það mikilvæga skref að banna bælingarmeðferðir á Íslandi og styður fyllilega við þetta frumvarp. Bælingarmeðferðir eru gróft ofbeldi sem ekki á að líða neins staðar. Intersex fólk var lengi vel sett í bælingarmeðferðir frá unga aldri til þess að tryggja samsvörun við það kyn sem því hefði verið úthlutað og til þess að tryggja að kynhneigð þeirra yrði gagnkynhneigð útfrá því kyni sem því hefði verið úthlutað. Það að bæla allann mögulegan hinseginleika var lengi vel aðalástæða þess að inngrip voru framkvæmd á líkomum intersex barna.

Hver manneskja á rétt á að fá að vaxa og dafna sem hún sjálf án þess að reynt sé að breyta kynhneigð, kynvitund, kyntjáning eða kyneinkennum hennar. Það er von okkar að frumvarpið verði samþykkt í núverandi mynd.

Virðingarfyllt

Kitty Anderson, formaður Intersex Íslands